

Fundur í Fagráði loftræstikerfa nr. 2

Fundarefni:	Lagnakerfamiðstöð Íslands		
Fundardagur:	7.10.2010	Fundartími:	16.30 – 18.00
Fundarstaður:	Lagnatækni, Hamraborg 12	Fundarritari:	Kristján Oddur
Fundarmenn:	Kristján Oddur Sæbjörnsson, Sigurgeir Þórarinsson, Kjartan Mar Eiríksson, Karl Hákon Karlsson		
Dreifing:	Fundarmenn, Pétur Kristjánsson, Gunnar Björn Guðbjörnsson og Kristján Ottóson		

- Karl Hákon hefur verið fengin til að vinna að gerð ástandsskýrslu um Lagnakerfamiðstöðina að ósk Iðunnar. Komið hefur í ljós að stjórnkerfi í miðstöðinni þarfnast lagfæringar. Hins vegar eru mikil verðmæti þarna innandyra og kjörið að reyna að vinna úr þeim eins og til var ætlast með stofnun miðstöðvarinnar.
- Fagráðið telur að nýta megi Lagnakerfamiðstöðina við kennslu hjá fleiri en einni menntastofnun. Rætt var hverjir myndu hugsanlega vilja nýta sér aðstöðuna fyrir kennslu. Um væri að ræða;
 - o Kennsla nema í blikksmíði við Borgarholtsskóla.
 - o Kennsla nema í pípulögnum við Iðnskólann í Hafnarfirði.
 - o Kennsla nema í tækni- og verkfræði við Háskólann í Reykjavík.
 - o Kennsla nema í verkfræði við Háskóla Íslands.
 - o Endurmenntun tæknimanna í gegnum Iðuna.
Einnig mætti hugsa sér að námskeið fyrir umsjónarmenn fasteigna, byggingarstjóra og starfsfólk á stofnunum eins og byggingarfulltrúa gæti átt sér stað í miðstöðinni.
- Rætt var um að miðstöðin geti einnig hlúið betur að fleiri greinum en loftræstingu. Ráðið telur að breikka megi rekstrargrundvöll miðstöðvarinnar með því að bæta aðstöðu fyrir pípulagnamenn. Einnig er tilvalið að nýta miðstöðina í nám tengdu kennslu á stjórnkerfum.
- Fagráðið telur að bæta þurfi frágang á húsakynnum miðstöðvarinnar til að gera hana meira aðlagandi fyrir kennslu. Ganga þarf frá byggingarlegum þáttum á kennslustofu á 2.hæð, þ.m.t. hljóðvist. Þá mætti hugsa sér að gera kennslurými fyrir fámennari námskeið úr litlu rýmum á 2.hæð.

Næsti fundur hjá fagráði loftræstikerfa er áætlaður fimmtudaginn 2. desember kl. 16.30.